



Fundargerð

62. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænasbraut 910
17. nóvember 2025, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einnór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Íslenska æskulýðsrannsóknin 2025 – niðurstöður (2025100012)

Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastjóri farsældar á Suðurnesjum, mætti á fundinn og kynnti niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni 2025 sem veitir innsýn í líðan, hegðun og lífsstíl ungmenna í Reykjaneshæ. Rætt var um jákvæða þróun í ákveðnum þáttum, svo sem aukinni þátttöku í íþróttum, en jafnframt áhyggjur af m.a. svefnvenjum og skjátíma.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir greinargóða kynningu og minnir jafnframt á málþing um farsæld barna á Suðurnesjum: „Staða barna á Suðurnesjum: Hvernig líður börnunum okkar?“ sem haldið verður í Stapa, Hljómahöll fimmtudaginn 20. nóvember frá kl. 13:30-16:00.

2. Þjónusta fyrir eldra fólk í Reykjaneshæ (202510197)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu, Magdalena Ósk Hansen, deildarstjóri dagdvalar aldraðra og Silja Konráðsdóttir, sérfræðingur í félagsstarfi, mættu á fundinn og kynntu þjónustu fyrir eldra fólk í Reykjaneshæ. Fjallað var um mikilvægi hreyfingar, félagslegra tengsla og fræðslu um heilbrigðan lífsstíl.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu og hvetur eldri borgara til þátttöku í margvíslegum lýðheilsuverkefnum sem víða er boðið upp á í Reykjaneshæ. Athygli er vakin á frístundastyrk fyrir 67 ára og eldri. Allt íþrótta- og tómstundastarf er kynnt á vefsíðunni fristundir.is.

3. Notkun endurskinsmerkja - hvatning lýðheilsuráðs (202510198)

Lýðheilsuráð minnir foreldra á að hengja endurskinsmerki á sig og börnin nú þegar skammdegið er hvað mest.

4. Landsátak í sundi 1.-30. nóvember 2025 (202510201)

Lýðheilsuráð skorar á íbúa Reykjaneshæjar að taka þátt í landsátaki í sundi „Syndum“, dagana 1.-30. nóvember.

5. Náum áttum - morgunverðarfundur (202510202)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sagði frá morgunverðarfundum Náum áttum hópsins sem fer fram miðvikudaginn 19. nóvember nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:48.